

Nd.

164. Frumvarp

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

1. gr.

Til Hafnargerðar í Siglufirði veitast úr landsjóði alt að 37,500 — þrjátíu og sjö þúsund og fimm hundruð — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1917.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landsjóðs alt að 112,500 — eitt hundrað og tólf þúsund og fimm hundruð — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undirbrautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14

daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnar-sjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignar-kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og Stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslutjélaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnaða undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kys til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

8. gr.

Eigum hafnarjósðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður

ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slik lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árs-tekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkauptúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landsjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist Stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhalls.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða at 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kys, en úrskurða af Stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er hreppsnefndin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri nmferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Fylgiskjal.

Eins og sjá má af þingmálafundargjörð hjeðan úr Siglufirði þann 29. júní þ. á., var samþykkt áskorun til Alþingis um, að veita styrk úr landssjóði til þess, að byggja hafskipabryggju í Siglufirði að $\frac{1}{4}$ kostnaðar, og að landssjóður annað hvort láni eða taki ábyrgð á þeim $\frac{3}{4}$ hlutum, sem eftir eru, þó þannig, að verð alls fyrirtækisins fari ekki fram úr 150 þúsund krónum.

Þessi málaleitun mun ekki koma hinu háa Alþingi algerlega að óvörum, því að í fyrra voru samþykkt lög nr. 37, 2. nív. um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps í lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Hafnarnefndin í Siglufjarðarkauptúni leyfir sjer nú, háttvirtu alþingismenn, að snúa sjer til yðar í umboði hreppsnefndarinnar í Hvanneyrarhreppi, og fara þess á leit, að þjer komið þessu máli áleiðis við hið háa Alþingi nú í sumar.

Hafnarnefndin fjekk nú í sumar er leið, verkfræðing Benedikt Jónasson, til þess að gera dýptarmælingar á því svæði, sem ætlast hafði verið til, að hafnarbryggjan yrði bygd á. Og í vetur hefir landsverkfræðingur Th. Krabbe verið fenginn til þess, að gera teikningar og kostnaðaráætlanir eftir dýptarmælingunum og þeim kröfum, sem hafnarnefnd hafði sett fram.

Teikningar og kostnaðaráætlanir hr. Th. Krabbe verða lagðar fram fyrir hið háa Alþingi.

Um rjettmæti og nauðsyn þessa fyrirtækis skulum vjer leyfa oss að skýra frá í lausum aðaldráttum.

Siglufjörður liggur, eins og kunnugt er, hjer um bil miðja vegu milli Horns og Langaness, og er, að undanteknum Akureyrarpólli, besta og öruggasta höfn á Norðurlandi. Hjeðan er styst að sækja á öll bestu þorskfiskimið norðanlands, enda kemur fiskur fyrst á vorin á Siglufjarðarmið. Hingað leita stærri og minni mótorbátar tugum saman, allar gótur vestan af Vestfjörðum og austan af Langanesi, og halda hjeðan út á sumarvertíð, og hingað leita nálega öll fiskipílskip hvaðanæfa af landinu, þann tíma, er þau stunda veiðar undan Norðurlandi, ef þau þarfnast einhvers, svo sem matvæla, beitu, íss, síma, læknishjálpar o. s. frv.

Yfirleitt má segja, að Siglufjörður sje nyrðra, það sem Vestmannaeyjar eru syðra. En hjer við bætist svo sú feikilega síldveiðaútgerð, sem hjeðan er rekin. Samfara þeim vexti, sem í kauptúninu hefir verið 10 síðastliðin ár, er nú svo komið, að hvergi er til óleigð lóð að sjó, sem hæfileg væri undir hafnarbryggju. Öll strandlengjan er leigð einstökum mönnum, en kauptúnið sjálf á hvergi rjett til sjávar. Hjer getur enginn maður gengið á land eða af og enginn hlutur verður fluttur af skipi eða á nema yfir annars manns lóð, og getur sá auðvitað neitað þeirri umferð hvenær sem vill, og er enda sjálfgert á sumrum, þegar allar bryggjur eru alskipaðar af síldartunnum og krókar af slorugu síldverkunarfólki, og svo girtar allavega af skipum. Afgreiðslumenn strandferðaskipa eru oft og einatt í stökustu vandræðum að afgreiða skipin, svo að ekki verði mikill dráttur á, vegna bryggjuleysis. Og eftir því, sem flutningur og skipagöngur aukast, verður þetta æ verra og verra. — Í sambandi við aukinn flutning, skulum vjer að eins leyfa oss, að minna á þær 4 síldarverksmiðjur, sem hjer hafa komist á fót nú allra síðustu árin. Að lokum skal þess einnig getið, að aðkomandi mótorbátar, sem hjeðan er haldið út á sumarvertíð, eiga það einungis undir náð einstakra manna, hvort þjer geta lagt afla sinn á land eða ekki.

Til þess að væntanleg hafnarbryggja gæti orðið sem stærst, og komið að sem fylstum notum, hefir hafnarnefndin tekið tillit til þess, að strandlengjan undan Siglufjarðareyri er nú alsetin. Fleiri menn ná þar ekki til. Ef unt yrði að byggja þessa bryggju, eftir teikningum Th. Krabbe, mundi bætast við lendingarstaður og síldverkunarsvæði handa að minsta kosti 8 síldveiðaskipum og jafnvel þó nokkrum fleirum. Verði þetta þannig, þá skulum vjer leyfa oss, að benda hinu háa Alþingi á auknar tekjur, er landssjóði áskotnuðust.

Telji maður meðal-ársveiði herpinótarskips 4000 tonnur, og það er ekki hátt í lagt, og sje 6 skipum haldið út frá bryggjunni, (það er einnig mjög lágt), þá mundi öll veiðin nema 24000 tunnum. En útflutningsgjald af síld er 50 aur. af tunnu; tekjuauki landssjóðs því beinlinis 12000 krónur.

Það er ætlast til, að hafskipabryggjan verði byggð yst á Siglufjarðareyri, utar en allar aðrar bryggjur. Nú með því, að bryggjan verður að vera svo löng, sem tiltekið er í áætluninni, til þess að nóg dýpi fáiast handa stærri skipum, og með því að í norðaustanrokum á síðhaustum og veturnum leggur töluverða báru inn fjörðinn samfara geisilegri veðurhæð, þótti sjálfsagt, að hafa brimbrjót utan við bryggjuna. Einnig hefir þetta mikla þýðingu í ísárum. En þar sem bryggjan verður byggð einmitt þar sem sleppir varnargarði þeim, sem nú er verið að byggja til varnar Siglufjarðareyri, þá sjest ljóslega, að brimbrjóturinn eykur vörnina, og ver mannvirki, bryggjur og polla, sem innar eru.

Hafnarnefndin hefir að sjálfsögðu athugað, hvort annað eins mannvirki og hjer ræðir um, mundi geta borið sig fjárhagslega, svo að tiltækilegt væri, að ráðast í það, og hefir komist að þessari niðurstöðu :

Árið 1914 komu hingað 44 millilanda- og strandferðaskip, og var smálestatala þeirra 25482 smálestir. Á Eyjafirði er bryggjugjald 4 aurar af hverri smálest dag hvern. Væri sama gjaldi haldið hjer, enda þótt ekkert skip lægi hjer degi lengur, þá yrði það 4 sinnum 25482 aurar eða rúmlega	1000 krónur
Ef 7 síldveiðaskip hefðu síldarsöltun við bryggjuna, og miðað er við 4000 tunnu meðal-afla, þá nemur það 28000 tunnum; afgangur er hjer vanalega nálægt 30 aur., þessi tekjugrein yrði þá um	8400 krónur.
Mótorbátar hafa orðið að greiða hjer 50 krónur í bryggjuleigu og væri sennilega lafhægt, að leigja 20—30 bátum uppsátur, en það yrði að minsta kosti	1000 krónur
En þar sem öll höfnin fyrir innan bryggjuna yrði miklu betri en áður, þá væri sjálfsagt, að setja hafnargjaldið upp. Nú er hafnargjald 5 aurar fyrir hverja smálest, og var hafnargjaldið 1914 um	1400 krónur
Á Akureyri er hafnargjald að meðaltali 10 aurar á smálest, væri gjaldið haft eins hjer, þá græddust um	1400 krónur
Ljós gjald má taka af skipum og hefir það verið 2 krónur á hvert skip á Akureyri, hvað sem stærð leið. Hingað komu til Siglufjarðar á árinu 1914: 44 millilanda- og strandferðaskip, 54 lesta-skip og 120 fiskiskip, öll útlend, eða samtals 218 skip. Með 2 kr. gjaldi fengist á þessum lið	436 krónur
Hjer verður öllum óvissum tekjum slept. En samkvæmt ofan-skráðu verða tekjur hafnarinnar	13636 krónur

Þessi áætlun álitum vjer, að sje hið frekasta lágmark, sem hægt er að setja um tekjur hafnar á Siglufirði. Því að eftir því, sem frampróun hefir verið til þessa, og það ástand og eftirspurn, sem nú er, má áætla tekjur hafnarinnar miklum mun hærri.

Nú leyfir hafnarnefnd Siglufjarðar í umboði hreppsnefndarinnar í Hvanneyrarhreppi sjer, að fara þess á leit við yður, háttvirtu þingmenn, að þjer viljið gerast flutningsmenn að meðfylgjandi frumvarpi til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún. Er þar farið fram á, að veitt verði úr landssjóði alt að 37500 krónur til hafnargerðar hjer, og að ráðherra Íslands ábyrgist fyrir landssjóðs hönd alt að 112500 króna lán handa hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps til hafnarbyggingar í Siglufjarðarkauptúni. Að öðru leyti er frumvarpið sniðið eftir hafnarlögum Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Þó er ein aðal-breyting fólgin í frumvarpinu, að nema burt afskifti sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu af hafnarmálefuum Siglufjarðarkauptúns.

Þessi breyting virðist vera nauðsynleg, þar sem sýslunefndir eiga að eins, einn reglulegan fund með sjer árlega, enda oflangt að leita úrskurðar sýslunefndarinnar um hafnarmál í Siglufirði og það til gjörókunnugra manna. Það hefir því þótt rjett að flytja vald sýslunefndarinnar í hafnarmálefnum Siglufjarðarkauptúns til hreppsnefndarinnar í Hvanneyrarhreppi, enda hefir hún borið og ber ábyrgð á fjármálum hafnarsjóðsins. Tala hreppsnefndarmanna var síðastliðinn vetur aukin um tvo menn, einmitt með það fyrir augum, að hreppsnefndin gæti haft frekari og nánari afskifti og eftirlit með þeim málum, sem hreppsþjelagið og Siglufjarðarkauptún varða. Hafnarnefndin hefir átt tal við oddvita sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og hefir hann álitid sjálfsgagt, að þessu atriði yrði hagað svo sem hjer er farið fram á.

Loks hefir verið bætt við einni grein, 19. gr., um að lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild undir hafnarbyggju í Siglufjarðarkauptúni væru úr gildi numin með þessum lögum, þar sem alt hið sama er falið í þessu frumvarpi og þó nokkrum mun rýmra.

Vjer teljum alls ekki örvænt að Hvanneyrarhreppur mundi geta fengið lán það, sem umræðir í frumvarpinu, með hæfilegum kjörum hjá norskum bönkum, ekki hvað síst í þeim bæjum, sem hafa svo gifurleg viðskifti hjer í Siglufirði og mundu hafa þessarar hafnar mikil not.

Að endingu viljum vjer að eins ítreka hve líkt er um margt hjer og í Vestmannaeyjum og minna á, að þau gögn sem björguðu hafnarmáli þeirra eyjanna eru einnig, og ef vill engu síður, gögn vor Siglufirðinga.

Hafnarnefndin vonar, að enda þótt meðfylgjandi frumvarp ekki hafi komist fyr í hendur yðar, háttvirtu alþingismenn, þá verði samt unt að koma því fram og leiða það til farsælla lykta á þessu Alþingi.

Siglufirði 12. júlí 1915.

Í hafnarnefnd Siglufjarðarkauptúns.

Guðm. T. Hallgrímsson. Hafliði Guðmundsson. Helgi Hafliðason.

Til alþingismanna Eyjafjarðarsýslu.